

Fundargerð

19. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 14. desember 2012 kl. 14:30 – 15:45

Mættir aðalmenn: Skúli Skúlason formaður (var í símasambandi frá Skotlandi), Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir, Sigurður Már Einarsson, Trausti Baldursson og Aðalsteinn Sigurgeirsson. Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ. og ritaði hún fundargerð.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskrá samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 18. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

SS þakkaði Áslaugu fyrir að hafa haft frumkvæði að því að skrifa bréf til Atvinnu – og nýsköpunarráðuneytis og vekja athygli á að koma þurfi fjárveitingum til Erfðanefndar í ásættanlegt horf, svo nefndin geti sinnt lögboðnum skyldum sínum. Ekki er alveg ljóst undir hvað skrifstofu innan ANR nefndin fellur en þó er líklegt að það sé skrifstofa afurða.

Málþing um íslensku geitina var haldin í Þjóðminjasafni Íslands og tókst mjög vel, ekki var hægt að fá erlendan fyrirlesara á þingið vegna mikils kosnaðar.

ÁH upplýsti fundarmenn um gang mála hjá Nordgen og sagði reksturinn ganga vel og stofnunin væri að rétta úr kútnum eftir fjárhagslega erfiða tíma.

4. Rekstur og áætlunargerð

Lagt var fram uppgjör ársins 2012 ásamt drögum að áætlun fyrir 2013.

Inneign í byrjun árs 2012 var kr. 6.047.010, þar af var framlag á fjárlögum 2012 kr. 3.400.000 og gjöld kr. 4.452.982, inneign í lok árs var kr. 1.594.028 kr. og þar af eru kr. 612.500 bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja.

Áætlun fyrir árið 2013 var lögð fram og í henni hefur framlag til nefndarinnar hækkað úr kr. 3.400.000 í kr 4.400.000. Til ráðstöfunar eru þá kr. 5.994.028. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárfstofsins verður 1.800.000 kr. og 2.500.000 kr vegna verksamnings við erfðalindasetur, auk þess er gert ráð fyrir kostnaði vegna málþings kr. 100.000 og vegna nýrrar landsáætlunar kr. 150.000.

5. Önnur mál

EE sagði frá ráðstefnu sem hún sótti á vegum Nordgen og netverkefni sem tengist loftlagsbreytingum.

BKB skýrði frá erfðafræðirannsókn á hundum sem gerð verður við háskólann í Árósum og okkur hefur verið boðið að vera með í. Haft verður samband við deild íslenska fjárhundsins

og kannaður áhugi þeirra á að taka þátt. Senda þarf 20 lífsýni sem þurfa að vera úr eins óskyldum hundum og kostur er.

Ákveðið var að halda dag kartöflunar í sumar, finna stað til að halda daginn og fá leyfi til að setja niður útsæði af mismunandi yrkjum til að sýna breytileikann í kartöflunum. EE stakk upp á því að halda daginn við Húsið á Eyrarbakka.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðin þegar ný nefnd hefur verið skipuð